



Gjaldskrá fyrir hundahald í Höfðahreppi

1. gr.

Á grundvelli samþykktar um hundahald í Höfðahreppi frá 19. janúar 2004, skal árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Höfðahreppi vera **6.500 kr.**

Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 8. gr. samþykktar um hundahald í Höfðahreppi skal vera **3.500 kr.** í fyrsta skipti, en hækkar í **6.500 kr.** ef til handsömunar kemur öðru sinni. Að auki skal greiða þann kostnað sem verður vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokið er skráningu þeirra og greiðslu hundagjalds.

3. gr.

Undanþegnir hundagjaldi eru skráðir bændur sem búa á lögbýlum í sveitarfélaginu skv. 8. gr. samþykktar um hundahald. Einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds og skal þá framvísa gögnum sem sanna að viðkomandi hundur sé minnkaveiðihundur. Ekki er veitt undanþága vegna annarra veiðihunda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af hreppsnefnd Höfðahrepps með tilmálingu í heimildir í samþykkt um hundahald í Höfðahreppi frá 19. janúar 2004.

Skagaströnd, 13. október 2004.

F.h. hreppsnefndar

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri